Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

# Skólanámskrá SÍJ

## Enska – 2. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og er ákveðinn orðaforði tekinn fyrir í hverju þema. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 7 ára bekk eru eftirfarandi: Almenn upprifjun,Tölur 20-40, dýr, andlit og fatnaður. Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

### Matsviðmið

**Frásögn**
Notað einfaldan orðaforða og setningar í tjáningu.
Borið orðin rétt fram.
Tekið þátt í samtalsæfingum í pörum eða litlum hópum.

**Lesskilningur**
Geta lesið þann grunnorðaforða sem æfður hefur verið
Tengt orðaforða við myndir.

**Menningarlæsi**
Áttað sig á menningarmun á milli landa þar sem tungumálið er talað og heimalands nemandans.
Sungið einföld barnalög á tungumálinu.

**Námshæfni**
Unnið verkefni sem einstaklingur, í pörum og hópum
Notað hjálpargögn við verkefnavinnu, t.d. myndir.
Metið hvort hann hafi leyst verkefni vel eða illa af hendi.

**Ritun**
Tengd orðaforða við myndir
Skrifað einfaldan orðaforða og frasa

**Samskipti**
Notað algengar kveðjur
Spurt og svarað um líðan
Notað lykilorðaforða í samskiptum við kennara og samnemendur

**Virkni og samskipti**
Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.
Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi

## Námsmat

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virkni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum, verkefni sem nemendur hafa unnið og niðurstöður úr munnlegum og/eða skriflegum könnunum.